

nov 1985

VI. Útgáfumál

18. Innan Kvennalistans skal starfa:

- a) Ritnefnd fréttabréfs Kvennalistans skipuð minnst einni konu úr hverjum anga, sem kosin er á félagsfundi til 6 mánaða í senn.
- b) Ritnefnd Veru skipuð í samræmi við samkomulag um Veru.
- c) Aðrar ritnefndir eftir þörfum.

VII. ALMENN ÁKVÆDI

19. Til þess að breyta starfsreglum þessum þarf meiri hluta atkvæða á landsfundi eða félagsfundum í öllum öngum.

Samþykkt á Landsfundi Kvennalistans

I. Landssamtök

1. Framkvæmdaráð skal skipað minnst 5 konum, einni úr hverjum anga, sem kosnar eru á félagsfundum anganna til 6 mánaða í senn. Kemur það saman eigi sjaldnar en tvísvar í mánuði og oftar ef þörf krefur. Ef angarnir eru færri en 5 skipar fjölmennasti anginn aðra konu, ef enn vantar konu skipar næst fjölmennasti anginn fulltrúa og síðan koll af kolli, uns fullskipað er. Auk þess skal sitja í ráðinu ein kona úr framkvæmdanefnd hvers anga. Ekki skulu konur sitja lengur í framkvæmdaráði en eitt ár í senn.

2. Á félagsfundi í hverjum anga skal kjósa konu í framkvæmdaráð og eina til vara. Að 6 mánuðum liðnum taki varafulltrúi sæti aðalfulltrúa og verði þá kosinn nýr varafulltrúi.

3. Þingkona eða fulltrúi þingvenna skal sitja framkvæmdaráðsfundi.

4. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að:

- a) Vinna að fjölgun anga.
- b) Skipuleggja stórfundi og ráðstefnur.
- c) Hafa yfirumsjón með fjármálum Kvennalistans.
- d) Hvetja til þess að bakhópar starfi og skipuleggja nýja hópa.
- e) Tilnefna konur til að koma fram fyrir hönd Kvennalistans í fjölmíðum í samráði við þingráð.
- f) Sjá um að bréfum og fjölmíðum sé svarað.

II. Angar

5. Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga og er kosin á félagsfundi. Hún hefur yfirumsjón með öllu starfi angans og annist fjármál hans. Nefndin skipti með sér störfum en tilnefni eina konu í þingráð og eina konu í framkvæmdaráð Kvennalistans. Að öðru

leyti móta þær starfshætti sína.

6. Á félagsfundí í hverjum anga skal kjósa konu í framkvæmdaráð.

Sjá nánar í gr. 2 í starfsreglum.

### III. Starfsmaður - Húsnæði

7. Framkvæmdaráð Kvennalistans ráði sér konu til starfa. Hún sjái um að framkvæma ákvarðanir framkvæmdaráðs, sem ekki er vísað annað.

8. Kvennalistinn hafi húsnæði til afnota fyrir starfsmann, þar sem sími er staðsettur. Húsnæði þetta skal vera miðstöð Kvennalistans.

9. Rekstur húsnæðis, laun starfsmanns og annar sameiginlegur kostnaður greiðist af öngum í hlutfalli við félagatölu peirra.

### V. Þingráð

10. Fastir fulltrúar í þingráði eru þingkonur, varapingkonur Kvennalistans hverju sinni og ein kona úr framkvæmdaneftnd hvers anga ef kostur er. Ein kona úr hverjum bakhóp og fulltrúar þingfloks Kvennalistans í ýmsum nefndum og ráðum mæti einnig á þingráðsfundi ef þörf krefur.

11. Þingráð starfar í samræmi við stefnuskrá Kvennalistans og stefnuyfirlýsingu landsfundar. Þingráð skal jafnframt vera stefnumótandi og ráðgefandi í einstökum málum. Það skal tilnefna konur í öll fulltrúastörf og nefndir í samráði við framkvæmdaráð á milli félagsfundar. Allar nefndir og fulltrúastörf skulu auglýstar í fréttabréfum anganna sé þess kostur.

12. Bakhópar skulu í einstökum málaflokkum og koma með tillögur um stefnumótun þingráðs.

13. Þingkonur skulu undirbúa þingráðsfundi og sjá um að þeir séu boðaðir.

### V. Bæjar- eða borgarmálaráð

14. Fastir fulltrúar í bæjar- eða borgarmálaráði eru fulltrúar og fastir varafulltrúar í sveitarstjórn sem og aðal- og varafulltrúar í öllum nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins.

15. Bæjar- eða borgarmálaráð starfar í samræmi við stefnuskrá Kvennalistans í bæjar- eða borgarmálum sem og aðrar stefnuyfirlýsingar sem Kvennalistinn samþykkir í þessum málaflokkum. Það skal jafnframt vera stefnumótandi í málum sem upp koma á kjörtímabilinu og ekki eiga sér stað í stefnuskrá. Ef þess er óskað skal ákvörðun bæjar- eða borgarmálaráðs þó vísað til félagsfundar til endanlegrar ákvörðunar. Ákvörðun ráðsins stendur þó þar til félagsfundur hefur ákveðið annað.

16. Í upphafi kjörtímabils kýs félagsfundur fulltrúa í nefndir og ráð á vegum sveitarfélags. Bæjar- eða borgarmálaráðið tilnefndir konur í öll fulltrúastörf og nefndir aðrar en þær sem að framan greinir.

17. Bæjar- eða borgarmálaráðsfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en tvísvar í mánuði og oftar ef þörf krefur, þó er heimilt að fella niður fundi yfir mesta sumarleyfistímann.